

LEIK 3CS05

Leikhús í London

Áfanginn er framhaldsáfangi á 3 þrepi og er valáfangi.

Undanfarar:

Undanfarar eru áfangar á 2. þrepi, s.s. senuvinnuáfangi, LEIK 2BF05.

Stutt lýsing á efni áfangans:

Viðfangsefni áfangans er leiklist í Bretlandi með áherslu á verk William Shakespeare. Farið verður stuttlega yfir leiklistarsögu Lundúnaborgar og leikhúslandslag borgarinnar skoðað. Lesin verða leikrit eftir Shakespeare og unnið með senur úr þeim.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Leiklistarsaga, leikhúsmenning, sviðsverk, gjörningar, Shakespeare, National Theatre, leikritun, leikskáld, leikhúsgreining, búningasaga, leikmyndagerð.

Námsmat:

Frammistöðumat, verkefni.

Kostnaður:

Nemendur greiða ferðakostnaðinn sem er gefinn upp hverju sinni. 2023 er hann áætlaður a.m.k. 100.000 krónur.
